

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2023/409**

2024/EES/11/39

frá 18. nóvember 2022

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 að því er varðar lágmarksinnihald kalsíumoxíðs í eingildum, föstum, ólífrænum áburði með meginnæringarefnum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 <sup>(2)</sup> felld úr gildi frá og með 16. júlí 2022.
- 2) Í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 skal eingildur, fastur, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum, sem inniheldur einungis kalsíum sem uppgæfið meginnæringarefni, innihalda a.m.k. 12% af kalsíumi miðað við massa, gefið upp sem kalsíumoxíð.
- 3) Reglugerð (EB) nr. 2003/2003 var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1666 <sup>(3)</sup> með því að koma fram með kalsíumklósamband af imínódírafsýru (Ca-IDHA) sem nýja tegund EB-áburðar. Lágmarksinnihald næringarefna í þeim áburði er 9% af kalsíumoxíði.
- 4) Kalsíumklósamband af imínódírafsýru er áburður sem veitir plöntum meginnæringarefnið kalsíum. Við matið á skilyrðunum fyrir innfærslu í reglugerð (EB) nr. 2003/2003 kom í ljós að þessi tegund EB-áburðar er ræktunarfræðilega hagkvæm. Breyta ætti reglugerð (ESB) 2019/1009 til að taka tillit til tæknipróunar sem átti sér stað eftir að hún var samþykkt og þess vegna ætti lágmarksinnihald kalsíumoxíðs í eingildum, föstum, ólífrænum áburði með meginnæringarefnum að minnka úr 12% í 9%. Með því að minnka lágmarksinnihald kalsíumoxíðs kemur þessi tegund áburðar til með að falla undir gildissvið samræmingarreglnanna og þar með er stuðlað að frjálsum flutningum á honum á innri markaðinum. Þessi aðlögun tengist viðmiðunum varðandi jarðræktarlega skilvirkni áburðar og dregur ekki úr öflugri vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/1009.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1009 til samræmis við það.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 59, 24.2.2023, bls. 1. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 314/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 170, 25.6.2019, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð (Stj. 304, 21.11.2003, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1666 frá 10. nóvember 2020 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að bæta nýrri tegund EB-áburðar við í I. viðauka (Stj. 377, 11.11.2020, bls. 3).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað e-liðar 2. liðar í II. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009, í vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i, kemur eftirfarandi:

„e) 9% af heildarmagni kalsíumoxíðs (CaO) miðað við massa“.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. nóvember 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---